

stafar af embættisönnum dómara, hefur dómara ekki þótt ástæða til, að málið yrði flutt að nýju.

Dómsorð:

Stefndu, oddvitar Aðaldælahrepps, Kelduneshrepps og Reykdælahrepps f. h. hreppssjóða hreppanna, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, oddvita Skútustaðahrepps f. h. hreppsins, í máli þessu.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, kr. 139.996, greiðist úr ríkissjóði, þar af málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 123.750.

Mánudaginn 22. maí 1978.

Nr. 67/1975.

Skútustaðahreppur

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Reykdælahreppi

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Máli að hluta vísað frá héraðsdómi. Girðingarlæg. Afréttir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóm kvað upp Freyr Ófeigsson setudómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl 1975. Dómkröfur hans fyrir Hæstarétti eru þessar:

„1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 67.414.00 með 7% ársvöxtum frá 1/1 1969 til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að hlíta úrskurði matsmanna skv. 5. gr. girðingarlags nr. 10/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1967, um skiptingu á helmingi kostnaðar við girðingu

frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla, en kostnaðarhluti þessi er kr. 134.829.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað allan, þ. m. t. málflutningslaun skv. gjaldskrá L.M.F.Í. í héraði og fyrir Hæstarétti“.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndi, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með leyfisbréfi dómsmálaráðherra 26. maí 1976.

Ýmis ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var að frumkvæði áfrýjanda gerð girðing 1968 frá Sandvatni til norðurs allt að sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla. Áfrýjandi krefur stefnda í máli þessu um hluta girðingarkostnaðarins, og er ekki deilt um fjárhæðir.

Í 2. lið krafna sinna krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að hlíta úrskurði matsmanna, sem enn hafa eigi verið tilnefndir. Með skírskotun til 88. gr. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936 ber að vísa kröfu þessari frá dómi.

Ósannað er, að samningur hafi verið gerður milli málsaðilja, sem áfrýjandi geti byggt á kröfur sínar.

Samkvæmt skjölum málsins og málflutningi fyrir Hæstarétti er austan girðingarinnar land jarðarinnar Grímsstaða í Skútustaðahreppi, og er sú jörð í ábúð og í einkaeign. Heimalandið er sagt liggja að girðingunni á um 3 km kafla, en norðan þess er sagður afréttur Mývetninga. Vestan girðingarinnar er syðst sagt land jarðarinnar Hamars í Reykdælahreppi. Jörðin er í eyði og í einkaeign, og hafa hreppsmenn tekið beitarrétt á leigu. Norðan Hamarslands er land Hóla og Árhóla í Reykdælahreppi.

Eins og eign og nytjum þeirra landa, sem að girðingunni liggja, er háttað, verður ekki talið sannað, að hér sé um að ræða girðingu milli afréttarlanda. Verða kröfur áfrýjanda ekki byggðar á 5.—7. gr. girðingarlaga, og ekki er um að ræða önnur lagaákvæði, sem þær verði reistar á. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niður-

stöðu til að því er varðar 1. lið í kröfum áfrýjanda svo og um málskostnað og gjafvarnarkostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og renni sú fjárhæð í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Öðrum lið í kröfum áfrýjanda er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar 1. lið í kröfum áfrýjanda svo og um málskostnað og gjafvarnarkostnað.

Áfrýjandi, Skútustaðahreppur, greiði að viðlagðri aðför að lögum 100.000 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður stefnda, Reykdælahrepps, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur aukadómsþings Þingeyjarsýslu 22. júlí 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí sl., hefur oddviti Skútustaðahrepps f. h. hreppsins höfðað fyrir aukadómsþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, útgefinni 15. apríl 1973, gegn oddvita Reykdælahrepps f. h. hreppssjóðs hreppsins.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að stefnda, hreppssjóði Reykdælahrepps, verði með dómi gert að greiða stefnanda $\frac{1}{4}$ af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll, en kostnaðurinn í heild nemur kr. 269.658.
2. Að stefnda verði með sama dómi gert að hlíta úrskurði óvilhallra dómkvaddra matsmanna um skiptingu $\frac{1}{2}$ framangreinds kostnaðar, þ. e. $\frac{1}{2}$ af kr. 269.658, en kvaðning og störf matsmanna fari samkv. 5. gr. girðingarlaga, sbr. 7. gr. sömu laga og lög nr. 45/1967.
3. Að stefnda verði gert að greiða 7% vexti af sínum hluta girðingarkostnaðarins í heild frá 1. janúar 1969 til greiðsludags.

4. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda sanngjarnan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir framlögðum reiknigi eða mati réttarins, eins og ekki væri um gjafvörn að ræða, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. maí 1974, var stefnda veitt gjafvörn í málinu.

Málavextir eru þessir:

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps (stefnanda) 17. apríl 1967 var eftirfarandi bókað: „Sveitarstjórn lítur svo á, að það skuli vera meginstefna að koma upp fjárheldum girðingum norðan og vestan að hreppnum á næstu árum. Girðingaframkvæmdir þessar skulu gerðar í áföngum, skal girðing milli Laxár og Jökulsár sitja í fyrirrúmi“.

Á almennum sveitarfundi 19. apríl s. á. var framangreind tillaga tekin til umræðu og samþykktur stuðningur við hana. Jafnframt skoraði fundurinn á sveitarstjórn að fá sýslunefnd til samstarfs um málið og fól oddvita sínum að mæta á næsta fundi sýslunefndar og fylgja málinu þar eftir. Mætti oddviti á sýslufundinum og túlkaði þar málsstað stefnanda. Málið fékk þar daufar undirtektir, og hafnaði sýslunefnd afskiptum af því. Á fundi hreppsnefndar Skútustaðahrepps 21. júní s. á. skýrði oddviti frá niðurstöðu sýslufundar. Var honum þá falið að undirbúa framkvæmd verksins um efnisútvegum og viðræður við aðliggjandi hreppa. Hóf hann þegar viðræður við oddvita viðkomandi hreppa, þar á meðal oddvita Reykdælahrepps (stefnda). Fékk hann mjög dræmar undirtektir hjá oddvitum, en þeir lofuðu að ræða málið við viðkomandi sveitarstjórnir. Árið 1968 ákvað sveitarstjórn Skútustaðahrepps (stefnandi), að fyrsti kaflinn, sem endurnýjaður yrði, yrði frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla.

Um sumarið 1968 var síðan að frumkvæði stefnanda gerð girðing frá Sandvatni norðan Mývatns að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll og þannig skilið á milli landa Mývetninga annars vegar og Reykdæla hins vegar.

Oddviti Skútustaðahrepps, Sigurður Þórisson, skýrir svo frá, að hann hafi átt viðræðufundi við oddvita stefnda um málið, skiptingu kostnaðar og girðingarstæði. Í júnímánuði 1968 hafi þeir farið í vettvangsskoðun og ákveðið girðingarstæðið og þar sem þeir hafi ekki náð samkomulagi um skiptingu kostnaðar, hafi þeir ákveðið að leggja málið í dóm matsmanna, eins og lög mæla fyrir

um. Um haustið eða fyrri hluta vetrar hafi oddviti Reykdæla tjáð sér, að sveitarstjórn Reykdælahrepps væri málinu mjög andsnúin og hefði neitað að nefna matsmenn í nefndina. Og í janúar 1969 hefði hann óskað eftir, að málinu yrði frestað þangað til hann kæmi af Búnaðarþingi, því að hann hygðist leita álits Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns um málið. Þegar oddviti Reykdæla, Teitur Björnsson, hafi komið af Búnaðarþingi, hafi hann tjáð sér, að Sveinbjörn Jónsson teldi, að Reykdælum bæri að tilnefna manninn, en þeir óskuðu eftir, að málið biði þar til sýnt væri, hvernig ágreiningsmálin við hina hreppana leystust. Kveðst hann hafa fallist á það með því loforði, að meðan þessi mál væru óleyst, þyrfti Skútustaðahreppur ekki að leggja út kostnað vegna læknisbústaðarins á Breiðumýri, og hefði oddviti Reykdæla fallist á það.

Oddviti Stefnda, Teitur Björnsson, skýrir svo frá, að aldrei hafi orðið neitt samkomulag milli sín og Sigurðar, oddvita stefnanda, um málið og alltaf hafi verið andstaða gegn girðingunni í sveitarstjórn Reykdælahrepps. Hann hafi samkvæmt margendurtekinni ósk oddvita Skútustaðahrepps farið á girðingarstæðið. Þegar á girðingarstæðið kom, hafi stefnandi þegar verið búinn að ákveða, hvar hann setti umrædda girðingu niður, og þegar búinn að reisa hana að töluverðum hluta. Hann geti því ekki fallist á, að hann hafi nokkru um girðingarstæðið ráðið. Þá kveður hann umrædda girðingu liggja nálægt merkjum á milli jarðanna Hamars og Hóla í Laxárdal annars vegar og Grímsstaða í Mývatnssveit hins vegar. Allar þessar þrjár jarðir séu í einkaeign og tvær þeirra, Hólar og Grímsstaðir, í ábúð. Reykdælahreppur hafi hins vegar haft leyfi til þess að nota Hamarsland til upprekstrar nú um árabíl og greitt eiganda leigu fyrir. Eigandinn hafi aftur á móti nýtt hlunnindi, svo sem veiði og malarnám. Þá kveður hann lítið gagn af girðingunni. Í fyrsta lagi vegna þess, að hún komi seint undan snjó, í öðru lagi sé lítill ágangur sauðfjár úr Reykdælahreppi og í þriðja lagi séu ekki sjúkdómar í fé Reykdæla fremur en í nágrannasveitum.

Með úrskurði, uppkveðnum 1. ágúst 1973, vék Jóhann Skapta-son sýslumaður, Húsavík, sæti í máli þessu með vísan til 5. og 7. tölul. 36. gr. laga 85/1936.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 13. sept. 1973, var Freyr Ófeiggsson héraðsdómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma mál þetta.

Yfirheyrslur fóru fram í máli þessu þann 11. maí sl., og komu

þá oddvitar stefnanda og stefnda fyrir dóminn, og hafa framburðir þeirra verið raktir hér að framan.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að girðingin hafi verið lögð að undangengnum viðræðum við oddvita Reykdælahrepps, sem hafi samþykkt byggingu hennar og m. a. tekið þátt í að ákveða girðingarstæðið, en ósamkomulag hafi verið um skiptingu kostnaðar við gerð girðingarinnar og sé málið höfðað til innheimtu kostnaðarins skv. 5.—7. gr. girðingarlaga nr. 10/1965. Þá telur stefnandi, að framangreind ákvæði girðingarlaga um landamerkja-girðingar gildi um girðingu þessa skv. 7. gr. laganna og beri stefnda því allt að einu að taka þátt í girðingarkostnaðinum, þótt hann hafi ekki samþykkt byggingu girðingarinnar fyrirfram.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að í fyrsta lagi sé möguleg krafa í máli þessu fyrnd samkv. 3. gr. laga nr. 14/1905. Krafa stefnanda hafi myndast á árinu 1968 og þar sem stefndi hafi á engan hátt viðurkennt greiðsluskyldu sína og aldrei lofað nokkurri greiðslu, hafi krafan fyrnst á árinu 1972. Í öðru lagi telur stefndi, að sýkna beri hann vegna aðildarskorts; girðing sú, sem um sé fjallað í máli þessu, liggi nálægt merkjum á milli jarðanna Hamars og Hóla í Laxárdal annars vegar og Grímsstaða í Mývatnssveit hins vegar. Allar þessar jarðir séu í einkaeign, Hólar og Grímsstaðir í ábúð, en Hamar nýtt af eiganda. Stefndi geti því ekki skv. girðingarlögum nr. 10/1965 átt aðild að máli þessu og reyndar leiki einnig vafi á um aðild stefnanda. Í þriðja lagi reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að sé litið á girðingu þessa eða hluta hennar sem girðingu milli afrétta, hafi stefnandi ekki átt rétt á að reisa hana með einhliða aðgerðum, heldur hafi honum borið að fara að fyrirmælum 17.—19. gr. girðingarlaga nr. 10/1965 (nú 19.—21. gr.), en stefndi mótmælir því að hafa á nokkurn hátt samþykkt að taka þátt í byggingu umræddrar girðingar.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu reikning, dags. 27. apríl 1973, að upphæð kr. 269.658, en reikningurinn ber með sér, að hann er frá árinu 1968, enda er ágreiningslaust, að stefnandi greiddi kostnaðinn af girðingunni á því ári. Stefnandi reisir kröfur sínar á reikningi þessum. Stefna í málinu var gefin út 15. apríl 1973, og birt sama dag. Ósannað er, að stefndi hafi á einhvern hátt viðurkennt kröfu þessa eða lofað greiðslu á henni. Samkvæmt 4. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 er krafa, er hér um ræðir, því fyrnd, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda.

Samkv. heimild í 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafvarnarkostnað stefnda, kr. 48.486, ber að greiða úr ríkissjóði, þar af málflutningslaun talsmanns stefnda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 32.250.

Þrátt fyrir nokkurn drátt á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af embættisönnum dómara, hefur dómara ekki þótt ástæða til, að málið yrði flutt að nýju.

Dómsorð:

Stefndi, oddviti Reykdælahrepps f. h. hreppsjóðs hreppsins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, oddvita Skútustaða-hrepps f. h. hreppsins, í máli þessu.

Gjafvarnarkostnaður stefnda, kr. 48.496, greiðist úr ríkissjóði, þar af málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hans, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 32.250.

Miðvikudaginn 24. maí 1978.

Nr. 81/1976.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson

settur vararíkissaksóknari)

gegn

Ole Anton Bielvedt

(Logi Guðbrandsson hrl.)

Fjólu Valgerði Jónsdóttur og

Gunnari Jónssyni Sólnes

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Eigi verður séð, að skattframtöl Sjóvarpshússins h/f árin 1970 og 1971 og söluskattskýrslur fyrir árin 1969 og 1970,